

64. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.10.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir
Eyrún Hafþórsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Ernar Harðar Sólveigardóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá

Tillaga að breytingum á samþykktum Bergrisans bs.

Tillagðar eru breytingar á samþykktum Bergrisans bs. nr. 560/2023. Breytingarnar eru ekki efnislegar:

Lagatilvísun, 5. gr. laga nr. 38/2018, um samvinnu sveitarfélaga er færð í 2. gr samþykktanna.

Í 3. gr. er færður inn eftirfarandi texti: „Aðildarsveitarfélögin fara með ráðningu og starfslok starfsmanna félagsþjónustu.”

Í 5. gr. er fært inn lagaákvæði nr 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Stjórn samþykkir fyrirlagðar breytingar og leggur til umfjöllunar á aðalfundi Bergrisans bs.

Fundargerðir þjónusturáðs

1. Nr. 173

Stjórn samþykkir fundargerð þjónusturáðs.

Nýtt starf hjá Bergrisanum

Vegna aukinna verkefna leggur stjórn Bergrisans til við aðalfund Bergrisans 2023 að ráðinn verði inn starfsmaður til að sinna meðal annars fjármálum, stjórnsýslu og framkvæmd. Mótuð tillaga verður lögð fyrir aðalfund Bergrisans.

Reglur um stoðþjónustu

Reglur um stoðþjónustu lagðar fram til kynningar og afgreiðslu. Stjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti. Aðildarsveitarfélög Bergrisans þurfa að taka reglurnar til afgreiðslu.

Ekki fleira gert, fundi slitið kl. 13.58.